


„Alltaf fengur að slíkum hlutum“



GRIPIR þeir sem ferðafólk með Útivist fann í Þórsmörk í síðustu viku eru nú komnir í hendur þjóðminjavarðar. Sagði Gísli Gestsson í samtali við Morgunblaðið í gær, að sér virtist sem gripir þessir væru frá 11. eða 12. öld og væri vissulega alltaf mikill fengur að þessum hlutum. Var hér um að ræða brot ofan af snældusnúð og prjón, sem sennilega hefur verið notaður til að krækja saman hempur.

— Prjóninn er nokkuð algengur og eigum við nokkra slíka á Þjóðminjasafninu, sagði Gísli. — Þetta er sennilega hversdagshlutur, en einnig eru til prjónar sem voru notaðir með betri klæðum. Um brotið af snældusnúðum er það hins vegar að segja að það er fyrst og fremst merkilegt vegna skreytingarinnar sem er á því, en það er mjög sjaldgæft og áttum við ekki fyrir slíkan hlut, sagði Gísli.

Um 1500 manns hafa séð sýningu Hringa á Kjarvalsstöðum

HRINGUR Jóhannesson, listmálari sýnir nú á Kjarvalsstöðum verk sín og eru það eingöngu olfumálverk og teikningar. Sýningu Hringa lýkur um næstu helgi og nú hafa um 1500 manns séð hana, en hann sýnir 51 olfumálverk og 43 teikningar. Í viðtali við Mbl. sagði Hringur vera mjög ánægður með aðsóknina, og hafa nú 40 myndir selzt.

— Ég er ánægður með aðsóknina, sagði Hringur, og hefur sýningin gengið mjög vel. Nú hafa um 40 myndir selzt og það er meira en áður hjá mér, ég hef venjulega selt um þriðjung myndanna á sýningum.

Hringur Jóhannesson hélt sína fyrstu sýningu árið 1962, fyrir 15 árum, í Bogasal Þjóðminjasafnsins og voru það aðallega teikningar. Hann var kennari við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1959 — 1962 og hefur hann kennt við Myndlistarskólann í Reykjavík, Ásmundarsal, síðan 1962. Einnig hefur hann unnið við keramikmálun hjá Glit 1962 — '66.

— Þetta hefur aðallega verið kvöldkennsla hjá mér hin síðari ár, sagði Hringur, og mér finnst gaman að halda þannig sambandi við ungt fólk. Það koma fram ýmis sjónarmið og þannig heldur maður sambandi við tilveruna, en það er ómögulegt að loka sig úti frá því, mér finnst gott að vera í sambandi við þetta góða fólk sem ég kenni.

Er meiri áhugi á myndlist meðal ungs fólks nú en áður?

— Ekki held ég það endilega, þetta er áhugafólk, það sem ég kenni og þar er góður efniviður — mörg góð efni og spennandi. Það er óhætt að segja að áhugi á

myndlist sé mjög almennur hérlandis, og meiri en víða erlendis, hafa menn sagt mér, því ég þekki ekki svo mjög til erlendis. Það eru til myndir á hverju heimili, mun meira en gerist víða annars staðar.

— Menn eru ekki bundnir við eitt eða neitt — umburðarlyndi er mjög mikið hér og það hefur aukist. Það er heldur ekki hægt að dæma listir eftir stefnu, hver tími þróar vissa tegund af list og margbreytilegt lífferni þróar margbreytilega list.


Hringur Jóhannesson sagði einnig að hann ynni mest á sumrin en hann hefur vinnustofu í Haga í Aðal dal og þangað sækir hann mörg mótíf. — Þar er friður fyrir síma og öðru kvabbi, sagði hann.

Nokkuð sérstakt framundan?

Nei, ekki held ég það, engin heljarstökk að minnsta kosti, ég ætla að vinna áfram að þessum einföldu mótífum í sterkri myndbyggingu eins og ég kalla þau og hef verið að vinna að undanfarin ár, sagði Hringur Jóhannesson að lokum.

Hringur Jóhannesson við eitt verka sinna ásamt syni sínum.

(Ljós. ÖLK.M.)



(Ljós. ágás)

Þessari mynd var smelt af Péttri Salómónssyni í Austurstrætinu einn góðviðrisdaginn í síðustu viku, en þar var hann sem aðra góðviðrisdaga á hásumri að bjóða mönnum til sölu frímerki og mynt.

„Aldrei svo snemma á ferðinni í Austurstræti“

„JÚ, jú, það er alveg rétt. Ég hef aldrei byrjað svo snemma árs að bjóða fólki frímerki, bankaseðla og minnispeninga hér fyrir utan bankann ef undanskilin er útgáfa nokkurra fyrstadagsumslaga. Það gerir blessuð tíðin. Áður hef ég ekki byrjað fyrr en á krossmessu. Ég var nú reyndar búinn að segja fyrir um hvernig veturinn yrði, ef undan eru skildir nokkrir dagar, þar sem ekki hefur allt staðist sem ég hafði fyrir spáð. Ég á veðurspá mína á segulbandi, svo það getur hver reynt hvort ég hafi ekki séð fyrir þetta góða veður. Ég skal segja þér það vinur, að ég er hýsna góður veðurfræðingur, en óskólagenginn þó.“

Þannig mælti Pétur Hoffmann Salómónsson er við dokkuðum við hjá honum í góða veðrinu einn daginn í síðustu viku. Pétur var þá búinn að koma sér fyrir utan við Útvegsbankann, með umslögin sín og peninga, og ekki verður annað sagt en að hann setji skemmtilegan svip á bæinn.

Pétur sagnarpur sagði vera nokkuð vel frískur, og að lítið sæi á honum, þótt hann hefði

nýlega orðið áttræður. Ekki vitum við hvernig salan gekk hjá Péttri í þetta sinn, þar sem mest var spjallað um veðurfarið. Sagði Pétur í því tilfelli að hér hefði eiginlega ekki verið nokkur vetur að ráði í rúm 50 ár, og ekkert jafnaðist á við veturinn 1907. „Þá hefðu bifreiðar staðið um kyrrt fram á fyrsta sumardag, en sem betur fer voru öngvar bifreiðar í þá daga,“ sagði Pétur. Ekki var sagnarpurinn bjartsýnn á að veðurfar

yrði hagstætt í sumar, en kvað þó öllum, jafnvel landkröbbum, óhætt að fara í Eyrarbakka-bugtina á næstunni.

Undir lok spjalls okkar vatt miðaldrar frú sér að Péttri og spurði hann hvort hann gæti nú ekki orðið fullorðna fólkinu til liðsinnis og komið því í kring að eitthvað örlítið yrði spilað af klassískri tónlist í stað alls þessa popps sem dyndi yfir vegfarendum í Austurstræti úr nærliggjandi tizkubúðum. Við þessa bön konunnar virtist koma hálfgerð hik á Pétur, sem virðist meta poppið. En kemp-an hafði svar á höndum, og sagði því von bráðar: „Ja, ég yrði ögn feginn, og þætti vel við eiga, að öðru hverju færu þeir með Andrarímur hinar fornu í gegnum þetta þarna.“



Afmælisfundur Kvenréttindafélagsins

LJÓSMYNDARI

Morgunblaðsins leit inn á hádegisfund hjá stjórn og varastjórn Kvenréttindafélags Íslands, að Hallveigarstöðum vegna 70 ára afmælis félagsins 27.

janúar s.l., en þann dag efndi K.R.F.I. til almenns fundar um skattamál. Í tilefni afmælisins bárust félaginu kveðjur og blóm víða að, m.a. frá ríkisstjórninni, Alþýðusambandi Íslands,

Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Kvenfélagasambandi Íslands, þingflokki Alþýðuflokksins og fleirum. Stjórnin færði félaginu gestabók að gjöf og afráðið var að safna fé og gefa í

Menningar- og minningarsjóð kvenna til minningar um stofnanda K.R.F.I. Bríetu Bjarnhéðinsdóttur og dóttur hennar Laufeyju Valdimarsdóttur. Söfnunin mun aðallega

fara fram á aðalfundi félagsins að Hallveigarstöðum miðvikudaginn 16. mars n.k. — á þeim fundi verður auk venjulegra aðalfundarstarfa sérstök dagskrá í tilefni afmælisins.

Á myndinni eru talið frá vinstri Áslaug Friðriksdóttir, Guðrún Gísladóttir, Valborg Bentsdóttir, Kristín Guðmundsdóttir, Steinunn Finnbogadóttir, Signý Gunnarsdóttir, Björg Einarsdóttir,

Jóhanna Valdimarsdóttir, Sólveig Ólafsdóttir, Þóra Brynjólfsdóttir, Lilja Ólafsdóttir, Margrét Einarsdóttir, Brynhildur Kjartansdóttir, Unnur Jóhannesdóttir og Lára Sigurbjörnsdóttir. Alls eru 20 manns í stjórn og varastjórn og vantar á myndina Aðalheiði Bjarnfreðsdóttir, Fannýu Long, Gerði Steinþórsdóttir, Lísabet Bergsveinsdóttir og Sigríði Önnu Valdimarsdóttir.